

Fiskeldi Austfjarða hf.

10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði

Mat á umhverfisáhrifum - frummatsskýrsla

Samantekt frummatsskýrslu



Fiskeldi Austfjarða hf. hóf starfsemi árið 2012 og hefur síðan verið unnið markvisst að uppbyggingu laxeldis á Austfjörðum. Stefna fyrirtækisins er að byggja upp umhverfisvænt eldi í sem mestri sátt við vistkerfi framleiðsluvæða. Félagið er með umhverfsvottunina AquaGap á framleiðslu og vinnslu sinni, en vottunin gerir kröfur um sjálfbærni og rekjanleika.

Áætlanir gera ráð fyrir að alinn verði lax og að árleg framleiðsla verði um 10.000 tonn í Seyðisfirði, en lífsmassi verði á hverjum tíma að hámarki 10.000 tonn. Hafrannsóknastofnun hefur gefið út burðarþolsmat fyrir Seyðisfjörð upp á 10.000 tona lífmassa, en einnig hefur stofnunin gert tillögu til ráðherra að áhættumati fyrir Seyðisfjörð. Þar er gert ráð fyrir að ala megi allt að 6.500 tonn af frjóum laxi í firðinum. Framkvæmdaraðili mun sækjast eftir að ala 6.500 tonn af frjóum og 3.500 tonn af ófrjóum eldislaxi í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu. Áhættumat Hafrannsóknastofnunar er skjal sem sætir endurskoðun reglulega út frá breyttum forsendum. Af þessum sökum getur hlutfall frjós og ófrjós fisks breyst sem hlutfall af leyfðum lífmassa. Fiskeldi Austfjarða áskilur sér rétt til að óska eftir breyttu hlutfalli frjós og ófrjós fisks í samræmi við gildandi áhættumat á hverjum tíma en þó innan tilgreinds hámarks lífmassa þ.e. 10.000 tonn. Umhverfismatið byggir á því hver áhrif eldis á 10.000 tonnum af frjóum fiski hefur á umhverfið.

Fiskeldi Austfjarða hefur þegar starfsemi í tveimur fjörðum, þ.e. Berufirði og Fáskrúðsfirði. Félagið hefur rekstrar- og starfsleyfi í báðum fjörðunum og er heimilt að ala 9.800 tonn af laxi í Berufirði og 11.000 tonn í Fáskrúðsfirði.

Framkvæmdasvæði

Í Seyðisfirði verða fjögur eldissvæði, þ.e. í Selstaðavík, Sörlastaðavík, Skálanesbót og Háubökkum. Þrjú verða nýtt að jafnaði, en Háubakkar verða til vara. Svæðið við Háubakka samanstendur af valkosti A annars vegar og valkosti B hins vegar. Valkostur A felur í sér að svæðið við Háubakka svipi til þeirrar stærðar sem það var upphaflega kynnt í tillögu að matsáætlun, en valkostur B felur í sér að svæðið stækki til þess að það nýtist betur til sjókvíaeldis og hefur Skipulagsstofnun samþykkt það sem frávík. Fiskeldi Austfjarða áskilur sér rétt til að geta nýtt þann valkost sem hentugri er hverju sinni, en það ræðst endanlega af afstöðu leyfisveitenda hvor kosturinn verður fyrir valinu.

Notaðar verða öflugar eldiskvíar sem eru 50 m í þvermál og 160 m að ummáli. Slíkar eldiskvíar hafa marga kosti umfram minni kvíar. Þannig þola þær úthafsöldu vel og eru hagkvæm rekstrareining. Eldiskvíarnar eru gerðar til að þola allt að 5 metra ölduhæð og ísingu. Kvíarnar verða festar saman í þyrpingum sem samanstanda af 12 kvíum á hverju svæði. Tvö svæði verða í notkun á hverjum tíma og þriðja svæðið verður í hvíld. Af þessum sökum verða um 24 kvíar í notkun á hverjum tíma.

Frummatsskýrsla

Frummatsskýrslan fjallar um fyrirhugað 10.000 tona sjókvíaeldi á laxi í Seyðisfirði og áhrif þess á umhverfið.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er talið ná til Seyðisfjarðar í heild sinni. Helstu áhrifaþættir eru skilgreindir þ.e. eldiskvíar, eldislax, flutningur á búnaði og eldislaxi og fóðrun eldislaxins. Þeir umhverfisþættir sem fjallað er um í matsskýrslunni eru eðliseiginleikar sjávar, áhrif fiskeldis á nærsvæði, sjúkdómar, laxalús, slysasleppingar, fuglalíf, samfélag og efnahagur, menningarminjar, verndarsvæði, áhrif á landslag og ásýnd og að lokum fiskistofna og nytjaveiðar.

Umhverfisþættir og helstu áhrif

Umhverfisáhrif á framangreinda þætti eru metin auk þess sem lagt er mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðs sjókvíaeldis Fiskeldis Austfjarða og óskyldra rekstraraðila.

Niðurstaðan er að áhrif á framkvæmdatíma eru talin verða tímabundin og óveruleg á flesta umhverfisþætti en talsvert jákvæð á flesta þætti samfélags. Öll áhrif eru metin afturkræf.

Rekstur fiskeldisins er hugsaður til ótilgreindrar framtíðar og áhrif vara á meðan á honum stendur.

Eðliseiginleikar sjávar

Í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar er gert ráð fyrir að hægt sé að leyfa 10.000 tonna lífmassa í Seyðisfirði. Fiskeldi Austfjarða telur í ljósi framangreindrar umfjöllunar að um 10.000 tonna framleiðsla í Seyðisfirði muni ekki hafa afgerandi áhrif til ofauðgunar eða súrefnislækkunar í firðinum. Áhrif á eðliseiginleika sjávar verða afturkræf og tímabundin. Þau eru talin óveruleg, en þó bundin nokkurri óvissu, sem ekki verður svarað nema með samtímavöktun á áhrifum framkvæmdar. Frá eldinu mun berast talsvert magn af næringarefnum bæði uppleystum og lífrænu efni, sem fellur til botns. Gera má ráð fyrir að það muni hafa talsverð neikvæð áhrif undir kvíunum en áhrifin verða óveruleg í nágrenni kvíanna. Ekki er talið að hafís eða lagnaðarís muni hafa bein eða neikvæð áhrif á fiskeldi í Seyðisfirði. Heildaráhrif framkvæmdar á hina ýmsu þætti sem fjallað hefur verið um í kaflanum eru afturkræf og tímabundin.

Áhrif fiskeldis á nærsvæði

Áhrifin á botndýralíf undir kvíunum og næst þeim (áhrifasvæði) munu verða tímabundið talsvert neikvæð á meðan á rekstri stendur en eru afturkræf. Áhrifin í næsta nágrenni kvíanna (strandsvæði) munu verða óveruleg meðan á rekstri stendur en eru afturkræf. Sé litið til áhrifa í Seyðisfirði í heild þá eru áhrif á botndýralíf talin verða óveruleg.

Sjúkdómar

Komi til þess að villtur fiskur sýkist af völdum smits frá eldisfiski eru slík áhrif talin afturkræf. Vægi slíkra áhrifa eru óveruleg vegna þess að búsvæði villtra laxfiska eru fjarri eldissvæðum og stærð villtra laxfiskastofna talin lítil í firðinum. Góð staða í sjúkdómamálum hérlendis og bólusetning eldisseiða styrkir þessa niðurstöðu. Marglyttur geta orðið til vandræða Seyðisfirði, séu þær í miklu magni. Ekki er talin hætta á að smit berist frá sjókvíaeldinu að kræklingaeldi Brimbergs, þar sem um óskyldar tegundir er að ræða og auk þess sem tvö af eldissvæðum framkvæmdaraðila eru undan straumi frá kræklingaeldinu og því smithættan minni en ella. Af þessu leiðir að áhrif af eldinu verða óveruleg og afturkræf.

Laxalús

Laxalús sem á uppruna sinn í eldislaxi getur haft bein en afturkræf áhrif á villta laxfiska. Að teknu tilliti til almennra umhverfisskilyrða, skipulags eldis, lágrar smittíðni á villtum stofnum, stærð villtra laxastofna og mótvægisaðgerða má búast við að áhrifin verði óveruleg. Því er talin lítil hætta á að villtir laxfiskar skaðist af laxalús vegna uppbyggingar eldis Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði.

Slyasleppingar

Strokulaxar geta haft bein áhrif á erfðamengi villtra laxastofna. Ein af forsendunum fyrir því að marktækar erfðabreytingar komi fram í tilteknum laxastofni er að stöðugt (í áraraðir) berist nýtt erfðaefni frá eldislaxum í villtan lax. Áætlaður fjöldi strokulaxa sem leitar í laxár, bendir ekki til þess að framkvæmdin skapi verulega hættu og muni skaða villta laxastofna með erfðablöndun.

Til að koma í veg fyrir hugsanlega erfðablöndun þarf að leggja mikla áherslu á að laxaseiði sleppi ekki á fyrsta ári og að fullorðinn lax sleppi ekki í lok eldistímans, enda eru þá lífslíkur mestar. Sleppingar á fullorðnum laxi uppgötvast í flestum tilvikum tímanlega og er þá mögulegt að ráðast í átak til að

endurheimta hann úr nærliggjandi ám enda þekktist eldislax auðveldlega frá villtum laxi. Almennt er talið að besta leiðin til að fyrirbyggja erfðablöndun sé að hindra sleppingar smáseiða snemma sumars og notkun geldfisks nær útilokar að laxeldi gæti haft áhrif á villta laxastofna.

Af því sem að framan segir um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn slyasleppingum, staðsetningar eldissvæða og litla hæfni eldislaxa til að fjölga sér og búa til harðgerð afkvæmi, þá eru taldar litlar líkur á að framkvæmdin skaði villta laxastofna fyrir tilstuðlan erfðablöndunar.

Áhrifin eru því metin óveruleg og afturkræf í heildina.

Fuglalíf

Áhrif á fugla á athafnasvæði kvíanna og þar í kring verða afturkræf og óveruleg eða talsvert jákvæð. Sé litið á áhrifasvæði Seyðisfjarðar í heild þá eru áhrif á fuglalíf talin verða óveruleg.

Samfélag og efnahagur

Áhrif á samfélag á framkvæmdartímanum vegna flutnings eldisbúnaðar og útsetningar eldiskvía eru talin talsvert jákvæð á íbúapróun, atvinnulíf, nálæg sveitarfélög og opinbera þjónustu. Áhrif á samgöngur á framkvæmdartíma eru talin verða óveruleg.

Áhrif á samfélag á rekstartíma fiskeldisins, vegna þess og vegna afleiddra framkvæmda eru að stærstum hluta talin talsvert jákvæð. Starfsemin mun kalla á aðflutning starfsmanna og hafa talsvert jákvæð efnahagsleg áhrif fyrir Seyðisfjörð. Þetta stafar af fjölgun starfa og aukinnar fjölbreytni í atvinnustarfsemi. Áhrifin á sveitarfélagið og opinbera þjónustu eru metin talsvert jákvæð því tekjur sveitarfélagsins munu aukast þó neikvæðra áhrifa geti gætt vegna aukins álags á opinbera þjónustu. Áhrif á samgöngur eru talin óveruleg til talsvert jákvæð þar sem framkvæmdin leiðir til álags á samgöngumannvirki en jafnframt til þess að menn bæti þau.

Menningarminjar

Áhrif á fiskeldis á framkvæmdar- og rekstartíma á fornleifar og fornminjar eru óveruleg og afturkræf. Engar minjar eru staðsettar í og við eldissvæðið í firðinum.

Verndarsvæði

Framkvæmdin kemur ekki til með að hafa bein áhrif á verndarsvæði eða gildi þeirra. Áhrifin eru því metin óveruleg.

Áhrif á landslag og ásýnd

Í heildina verða áhrif á landslag og ásýnd talsvert neikvæð eftir því hvar maður er staðsettur og úr hvað átt er horft en verða að fullu afturkræf.

Sjálfar eldiskvíarnar eru ekki mjög viðamikil eða sýnileg mannvirki. Það sem gerir þær sýnilegar er hversu einsleitt umhverfið er, þ.e. hafflöturinn. Í úfnum sjó eru kvíarnar lítið sýnilegar, enda lágreistar og nokkuð samlitar haffletinum þegar þannig stendur á. Á sólríkum dögum með spegilsléttum sjó eru kvíarnar mest sýnilegar og skera sig nokkuð frá umhverfinu. Sýnileiki eldiskvía eykst eftir því sem ofar dregur í hlíðar umhverfis firðina, þ.e. eftir því sem horft er yfir þær úr meiri hæð yfir sjó. Niðri við sjávarmál eru kvíarnar lítið sýnilegar nema þær séu mjög nærri landi. Vegna þess hversu lágreistar kvíarnar eru, eru þær ekki sýnilegar úr mikilli fjarlægð nema úr mikilli hæð.

Hafa ber í huga að áhrif eldis eru að fullu afturkræf hvað varðar ásýnd fjarðanna. Þegar eldisvæði fer í hvíld, eru kvíarnar fjarlægðar þannig að vera þeirra á eldissvæðunum er ekki samfelld. Landslag í firðinum er fjölbreytt en hæð þeirra staða sem fólk dvelur á eða ferðast um er almennt á láglandi.

Ferðapjónusta og útivist

Eldiskvíarnar munu hafa óveruleg áhrif á ásýnd og ímynd fjarðarins. Jafnt innlendar sem erlendar rannsóknir benda að auki til þess að breytt ásýnd muni ekki hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu. Eldiskvíarnar munu ekki trufla aðgengi og umferð ferðamanna í firðinum. Niðurstaðan er því sú að áhrif á ferðapjónustu og útivist verða óveruleg og afturkræf. Aukin þjónusta og umsvif vegna eldisins getur einnig styrkt ferðapjónustu á svæðinu og þannig haft jákvæð áhrif.

Fiskveiðar og nytjastofnar

Áhrif framkvæmdar á fiskveiðar og nytjastofna eru metin óveruleg. Áhrif sjókvíaeldisins á nytjastofna á rekstrartíma eldisins eru talin óbein og staðbundin en óveruleg og afturkræf.

Samlegðaráhrif

Aukin umsvif í sjókvíaeldi eru í heildina talin mjög jákvæð fyrir samfélagið. Áhrif á vistkerfi fjarða eða á stofnerfðasamsetningu á villtum laxastofnum eru talin óveruleg.

Mótvægisaðgerðir

Helstu mótvægisaðgerðir felast í vel skilgreindu verklagi og að viðhafa góðar starfsvenjur, hvíld eldissvæða og kynslóðaskiptu eldi, viðhafa góða fóðurstýringu og að færa til kvíar innan skilgreindra eldissvæða.

Heildarniðurstaða

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að fyrirhugað eldi í Seyðisfirði mun hafa verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Áhrif á aðra nýtingu verða óveruleg en að hluta til einnig talsvert jákvæð og að mestu leyti afturkræf. Áhrif á landslag og ásýnd verða bæði óveruleg og talsvert neikvæð en afturkræf. Áhrif á botndýralíf verða talsvert neikvæð. Þau verða þó staðbundin og afturkræf. Áhrif á eðliseiginleika sjávar, villta laxfiska, menningarminjar og verndarsvæði verða óveruleg. Heildarniðurstaðan er því sú að í flestum tilvikum verða áhrif vegna eldisins óveruleg. Neikvæð áhrif verða að miklu leyti staðbundin og afturkræf.